



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**580. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 1. júlí 2024
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Berglind Snorradóttir.

Fundargerð ritaði: Berglind Snorradóttir, starfsmaður skrifstofu SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Fyrirliggjandi til kynningar og umræðu er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. júní 2024, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans.

Niðurstaða:

Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. er lögð fram og er skrifstofu SSH falið að senda hana aðildarsveitarfélögunum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.

Lagt fram til kynningar

2. Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna - 2403007

Framangreint var til umræðu á 579. fundi stjórnar SSH og var ákveðið að málið yrði kynnt fyrir samráðshópi á sviði velferðarmála og skólamálanefnd SSH og leitað eftir afstöðu þeirra.

Þá er fyrirliggjandi kynning þar sem fram kemur nánari greining á hlutverkum starfsmanna svæðisstöðva ÍSÍ/UMFÍ, ásamt gögnum sem áður hafa verið lögð fram.

Lagt er til að verkefnastjórar ÍSÍ/UMFÍ fái aðstöðu hjá SSH.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að fresta ákvörðun um stofnun svæðisbundins farsældarráðs fram á næsta stjórnarfund.

Stjórn samþykkir að verkefnastjórar ÍSÍ/UMFÍ fái starfsaðstöðu í húsakynnum



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SSH og er framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við ÍSÍ um afnot af skrifstofu SSH og annað fyrirkomulag.

Samþykkt

3. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fyrirliggjandi er erindi og beiðni Fjölsmiðjunnar um aukin rekstrarframlög aðildarsveitarfélaganna þ.m.t vegna húsaleigu og endurnýjun á þjónustusamningi sem rennur út um áramótin 2024/2025. Þá kemur fram í kynningu sem er meðfylgjandi erindinu rekstrarreikningur ársins 2023 og greiðsluflæði starfseminnar fyrir árið 2024.

Ellen J. Calmon, Heiða Kristín Harðardóttir, Sigurbjörg Fjölnisdóttir og Sturlaugur Sturlaugsson kynna.

Gestir

Sigurbjörg Fjölnisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar og aðalmaður í stjórn Fjölsmiðjunnar

Heiða Kristín Harðardóttir náms- og starfsráðgjafi Fjölsmiðjunnar

Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar

Ellen J. Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélögin að endurnýja þjónustusamning sinn við Fjölsmiðjuna til allt að fimm ára á grunni núverandi samnings og viðauka við hann.

Þá verði hlutfall aðildarsveitarfélaganna í húsaleigu Fjölsmiðjunnar áfram 40% en áætlað er að sú hækkun verði á ársgrundvelli frá 1. janúar 2025 um 8,8 millj kr.

Sá fyrirvari er gerður að aðrir sem koma að rekstri Fjölsmiðjunnar geri slíkt hið sama.

Stjórn leggur til að ákvörðun um aukin bein rekstrarframlög verði frestað enda mikilvægt að stjórn Fjölsmiðjunnar eigi samtál við fulltrúa ríkisins um frekari aðkomu m.a. vegna nemenda með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Þá er óskað eftir frekari gögnum frá stjórn Fjölsmiðjunnar er varðar samsetningu nemendahóps Fjölsmiðjunnar.

Skrifstofu SSH er falið að leggja ofangreint fyrir aðildarsveitarfélögin til umræðu og afgreiðslu og skal niðurstaða berast til SSH fyrir þann 26. júlí nk.

Samþykkt

4. FRN Tilnefning í starfshóp um starfstengdar námsleiðir að loknu námi á starfsbrautum framhaldsskólanna - 2406006



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Óskað er eftir tilnefningu í starfshóp um starfstengdar námsleiðir að loknu námi á starfsbrautum framhaldsskólanna.

Niðurstaða:

Tilnefningu frestað til næsta fundar.

5. Þróun Hvíta til Hvíta svæðisins -Sóknaráætlun 2024 - 2404009

Á 575. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að koma áhersluverkefnum 2024 af stað og ganga frá samningum vegna þeirra.

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og Nordic Office of Architecture um verkefnastjórnun, þróun Hvíta til Hvíta svæðisins (SV hornið) dags. 18. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun - Sóknaráætlun 2024 - 2404008

Á 575. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að koma áhersluverkefnum 2024 af stað og ganga frá samningum vegna þeirra.

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og tó arkitekta ehf. vegna ofangreinds verkefnis dags. 19. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

7. Almenningsamgöngur á hbsv. Nýjir notendur - Sóknaráætlun 2024 - 2404007

Á 575. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að koma áhersluverkefnum 2024 af stað og ganga frá samningum vegna þeirra.

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og Strætó bs. um verkefnastjórnun ofangreinds verkefnis dags. 24. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Forvarnir og geðrækt ungmenna á hbsv.-Sóknaráætlun 2024 - 2404006

Á 575. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að koma áhersluverkefnum 2024 af stað og ganga frá samningum vegna þeirra.

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og NORTH Consulting um verkefnastjórn ofangreinds verkefnis dags. 7. júní 2024.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram til kynningar

9. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur-Location Reykjavík Capital Area-Sóknaráætlun 2020-2024 - 2103008

Á 575. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að koma áhersluverkefnum 2024 af stað og ganga frá samningum vegna þeirra.

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um Invest in Reykjavík - áframhaldandi þróun og staðsetning. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur dags. 4. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002

Mál þetta var síðast til umræðu á 577. fundi stjórnar en þá var eftirfarandi fært til bókar: "Lagt er til að framkvæmdastjóra SSH verði heimilað að ganga frá og undirrita verksamning við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða vegna borunar rannsóknarborhola í Bláfjöllum á grundvelli fyrirliggjandi draga að samningi dags. apríl 2024. Þá verði framkvæmdastjóra SSH heimilað að ganga frá og undirrita verksamning við jarðvinnuverktaka þegar endanlegar niðurstöður verðfyrirspurnar, er varða þann verkþátt, liggja fyrir."

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og Jarðvals sf. dags. 4. júní 2024 vegna ofangreinds.

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og Ræktó ehf. dags. 20. júní 2024 vegna ofangreinds.

Fyrirliggjandi til kynningar er viðaukasamningur við COWI Ísland ehf. dags. 14. maí 2024 vegna ofangreinds.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Framtíðarstaðsetning skotíprótta - Skotvellir á Álfsnesi - 2303014

Framangreint var til umræðu á 573. fundi stjórnar SSH og í framhaldi af því hefur verkefnið verið unnið á vettvangi Svæðisskipulagsnefndar. Stjórnsýsluþáttur málsins er hjá SSH.

Fyrirliggjandi til kynningar er undirritaður samningur SSH og VSÓ Ráðgjafar ehf. um verkefnastjórnun vegna ofangreinds verkefnis dags. 18. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

12. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 128. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 7. júní 2024.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

13. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 423. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 15. maí 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

14. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 96. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 6. maí 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 97. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 3. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

15. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 22. maí 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 5. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

16. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 4. apríl 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 14. desember 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

17. PANT akstursþjónusta - 2405005

Fyrir liggur ný tilnefning Garðabæjar í stjórn Pant. Tilnefnd er Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs Garðabæjar. Þá er fyrirliggjandi minnisblað frá stjórn Pant dags. 30. maí 2024 til stjórnar SSH og útboðsgögn er varða rammasamning vegna kaupa á akstri leigubifreiða en þjónusta Pant er innt af hendi annars vegar með sérhæfðum bifreiðum frá Hópbílum og hins vegar með leigubifreiðum, samningur um þann akstur rennur út í desember nk.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram sem trúnaðarmál.

Jóhannes Svavar Rúnarsson kynnir.

Gestir

Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdasjóri Strætó bs.

Sigurbjörg Fjölvisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir tilnefningu Svanhildar Þengilsdóttur í stjórn Pant.

Þá er stjórn Pant veitt heimild til að hefja útboðsferli á grundvelli fyrirbyggjandi útboðsgagna.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.